

**Ed.**

## **30. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

### **1. gr.**

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin samkvæmt þeim reglum, sem félögin hafa sett þar um í samþykktum sínum.

### **2. gr.**

16. og 17. gr. laganna falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

### **Greinargerð.**

Í umræðum þeim, sem urðu um lögum um stéttarfélög og vinnudeilur á Alþingi 1938, var mjög um það deilt, að hve miklu leyti 15., 16. og 17. gr. laganna takmörkuðu verkfallsréttinn. Sósíalistar héldu því fram, að hér væri um svo viðtækar takmarkanir að ræða, að verkfallsrétturinn yrði í mörgum tilfellum aðeins að nafni og sektarákvæðin vegna ólöglegra vinnustöðvana myndu valda verkalýðsfélögunum þungum búsiþjóm. Þeir, sem að lögumum stóðu, m. a. forustumenn Alþýðusambandsins, héldu því gagnstæða fram. Fullyrtu þeir, að ákvæði nefndra greina kæmu ekki að sök fyrir verkalýðsfélögin.

Reynslan hefir nú skorið úr þessum ágreiningi. Það hefir ekki veitt af fyrir verkalýðsfélögin að hafa fastan lögfræðilegan ráðunaut til að ráðgast við um allar athafnir sínar. En það hefir ekki heldur komið að gagni. Lögfræðingarnir hafa ekki getað ráðið rúnir laganna, og það hefir sýnt sig, að það hefir reynzt jafnvel mjög lögfróðum mönnum um megn að gizka á, hvernig félagsdómur myndi líta á málin. Enginn kostur hefir verið að fá úrskurð félagsdóms fyrirfram, svo félögin geta oft og tíðum ekkert aðhafzt án þess að eiga á hættu að gerast brotleg við lögum. Jafnvel forustumenn Alþýðusambandsins, sem voru aðalhöfundar laganna og hafa marga lögfræðilega ráðunauta sér við hlið, gerast brotlegir við lögum, sem eru að miklu leyti þeirra eigin verk, og eru dæmdir í sektir. Er þess skemmst að minnast, er Sveinafélag múrara í Reykjavík var dæmt í svo háar fjársektir, að félagið fær vart undir risið, fyrir athafnir, sem félagsmönnum datt yfirleitt ekki í hug annað en væru fyllilega lögmætar, áður en félagsdómur felldi úrskurð sinn. En ferskastur í minni er þó sektardómurinn yfir Alþýðusambandinu vegna samúðarverkfalls veitingaþjóna við starfsstúlkur í veitingahúsum í Reykjavík.

Ég tel algerlega þarf laust að takmarka rétt verkalýðsfélaganna til vinnustöðvunar með lögum fram yfir þær takmarkanir og reglur, sem felast í samþykktum félaganna sjálfra. Ef um kaup og kjör er að ræða, er uppsagnarfrestur venjulega samningsbundinn, og þarf vinnustöðvun þá engum að koma á óvænt, enda á það eingöngu að vera samningsatriði milli aðila. Allt annað er óviðhlítandi takmörkun á athafnafrelsi stéttarfélaganna.